

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 13:00 miðvikudaginn 28. september 2022, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Guðmundur Þór Birgisson, Hilda Jana Gísladóttir, Jóhanna Ey Harðardóttir, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Steinunn Heba Finnsdóttir og Örn Arnarson. Tómas Árdal varamaður og Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður boðuðu forföll. Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson verkefnastjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Bað alla fundarmenn að kynna sig þar sem Jóhanna Ey er nýr stjórnarmaður. Formaður fól svo framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

Dagskrá:

1. Staða verkefna

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu helstu verkefna MN undanfarnar vikur.

Haustferð MN er nýbúin, en það er árleg ferð þar sem starfsmenn kynna sér áhugaverða staði á landinu - utan Norðurlands. Að þessu sinni lá leiðin á Snæfellsnes.

Mannamót verður haldið í janúar 2023. Undirbúningur í fullum gangi. Unnið að branding vinnu þar til að þróa sýninguna áfram og höfða meira til erlendra ferðasöluaðila.

Stefnt er að því að halda aðalfund Norðurstrandarleiðar um miðjan nóvember.

Einnig er stefnt að því að halda námskeið á vegum hollensku ferðaskrifstofunnar Voigt Travel í nóvember. Voigt Travel hefur áður staðið fyrir námskeiði í samstarfi við MN með góðum árangri.

Uppskeruhátíðin verður haldin á Húsavík og nágrenni 20. október n.k.

Taste North Iceland verkefnið er í fullum gangi.

MN ákvað að kaupa greiningu frá KPMG á þörf á gistirými á Norðurlandi næstu árin. Niðurstöður og skýrsla væntanleg í nóvember. Stórt og mjög mikilvægt verkefni.

Haustfundur MAS verður haldinn um miðjan október, en þar hittast starfsmenn allra markaðsstofanna og bera saman bækur sínar og miðla þekkingu.

MN hefur tekið þátt í fjölda sýninga og vinnustofa undanfarna mánuði. Birdfair á Bretlandi, Vestnorden á Grænlandi, Top Resa í París, vinnustofur í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Spáni og Winter event hjá Voigt Travel. Framundan vinnustofur í mið Evrópu og Ítalíu (rafræn) og WTM í London. MN hefur fengið góðar undirtektir og hrós fyrir markaðsefni.

Framkvæmdastjóri sótti Helsinki Nordic tourism, fund á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Sjálfbærniverkefnið er búið að vera í pásu síðan í vor, en mun fara á fullt aftur og nýr starfsmaður mun halda utan um það.

Framleitt var töluvert af myndefni í sumar, með áherslu á gönguleiðir og fjöll. Mun það efni nýtast í frekari þróun á verkefni um gönguleiðir, en MN er nú komið í samstarf við Ferðamálastofu um stórt verkefni um gönguleiðir.

Ímyndarbæklingur fyrir Norðurland var uppfærður. Gefin voru út ný samanbrjótanleg kort með ýmsum upplýsingum um Norðurland, og koma þau í staðinn fyrir bókina sem var gefin út áður. Einnig var borðkorti MN breytt og þar lögð áhersla á Norðurstrandarleið og Demantshringinn. Eftir reynslu sumarsins er líklegt að borðkortið verði fært aftur til fyrra horfs.

Söluhandbækur ACW og DC voru uppfærðar nýlega. Ýmsar vefuppfærslur voru einnig gerðar.

Mn tók þátt í nokkrum kynnisferðum (FAM) m.a. með Niceair og Obeo Travel. Einnig er á ferðinni áhrifavaldur núna frá Danmörku.

MN hefur verið að lesa yfir umsóknir til Framkvæmdasjóðsferðamannastaða og aðstoða sveitarfélög og tengja við uppfærslu á Áfangastaðaáætlun. Einnig verið að þrýsta á að umsóknarferlið verði lagað og gert betra.

Árshátíð MN verður haldin í byrjun desember í Berlín. Flogið verður beint frá Akureyri til Berlínar með Niceair.

Ferðamálaráð er komið á fullt aftur og helstu áherslur framundan í vinnunni þar eru:
Verðmætasköpun, menningartenging, menntun og gæði, aðgerðaáætlun, hagtölur, vinnuafli, aðgengi að fjármagni, köld svæði, innviðir sem hægt er að leysa

Framkvæmdastjóri stefnir að því að halda stefnumótunarfund stjórnar í janúar 2023.

Búið er að ráða Hjört (áður hjá Visit Greenland) sem ráðgjafa fyrir Stefnumótun SSNV í ferðamálum fyrir Norðurland vestra. Framkvæmdastjóri greindí frá því að MN hefði óskað eftir því að taka þátt í þessari stefnumótun og ítrekaði mikilvægi þess að stefnumótun SSNV færi saman með starfi MN.

Umræður. Fundarmenn sammála um að áfram þyrfi að horfa á Norðurland sem eina heild í starfi MN og mikilvægt að stefnumótun SSNV í ferðaþjónustu sé í takti við starf MN. MN ætti því að hafa aðkomu að þessari vinnu.

2. Flugmál

Hjalti verkefnastjóri fór yfir stöðuna í flugmálum.

Framkvæmdir á flughlaðinu á flugvellinum ganga samkvæmt áætlun, þannig að nýtt flughlað ætti að vera tilbúið næsta haust. Flugstöðin verður hins vegar ekki tilbúin þá eins og til stóð vegna seinkana á afhendingu á stálgrind. Flugstöðin ætti að vera tilbúin fyrri hluta árs 2024 eins og staðan er núna.

Vinna með Voigt Travel heldur áfram og MN var nýverið, ásamt 3 norðlenskum fyrirtækjum, í Hollandi á sérstökum viðburði á þeirra vegum þar sem 1200 manns komu til að kynnast áfangastöðum Voigt

Travel í norðri. Jafnframt er fyrirhugað námskeið á Norðurlandi á næstu mánuðum í samstarfi við Voigt Travel fyrir aðila í ferðaþjónustu. Sumaráætlun Voigt Travel næsta sumar gæti verið í hættu, þar sem illa gengur að tryggja gistirými fyrir farþegana yfir sumarið.

Samstarf við Niceair hefur verið talsvert, þátttaka í kynnisferðum (FAM) og blaðamannaferðum í tengslum við flugferðir þeirra til Bretlands og Danmerkur. Bretlandsflugið hefur legið niðri vegna leyfismála, en stefnt er að því að það hefjist aftur í janúar. Einnig fleiri áfangastaðir í kortunum hjá Niceair á næsta ári. Flugið til Danmerkur og Tenerife hefur gengið vel.

Svissneska ferðaskrifstofan Kontiki hafði áform um vetrarflug til Akureyrar næsta vetur, en þau áform hafa enn ekki verið staðfest. Gætu freast um ár - á eftir að koma í ljós.

Þýska flugfélagið Condor hefur tilkynnt um áætlunarflug frá Frankfurt til AEY næsta sumar. Flogið verður vikulega til Akureyrar og vikulega til Egilsstaða frá miðjum maí og til loka október.

Icelandair hefur tilkynnt um tengiflug milli AEY og KEF frá 16 mars. Frá 1. Júní verður tíðnin orðin tvö flug á dag - alla daga, en það gerir þeim kleift að tengja farþega bæði við Evrópuflug og Ameríkuflug á hverjum degi. Mikil sóknarfæri sem liggja þarna fyrir Norðurland.

Norðaustur verkefnið (e. Nature Direct) - samstarf MN, Austurbrúar, Isavia og Íslandsstofu um kynningu á AEY og EGS - er í fullum gangi. Hjalti var á fundum í sumar með frönskum ferðaskrifstofum í tengslum við það verkefni, og fylgdi því eftir með þátttöku í stórra ferðasýningu í París í síðustu viku (Top Resa). Talsverður áhugi í Frakklandi á beinu flugi til Akureyar.

MN gerði minnisblað um heildarmyndina í fjármögnun og vinnu við að opna fleiri gáttir inn í landið. Var fyrst og fremst gert til að ítreka við ráðamenn mikilvægi fjármögnumnar og stuðnings við verkefnið á öllum stigum.

Skortur á gistingu yfir hásumarið á Norðurlandi er orðinn flöskuháls í því verkefni að ná inn meira flugi beint til Akureyrar. MN vinnur mjög ötullega að því að markaðssetja veturninn, en eftirsprungin yfir sumarið er ennþá mun meiri. Frekari uppbygging í gistingu er því mjög áriðandi á næstu misserum og árum. Væntanleg greining KPMG um þörf á gistirými lykilgagn í þessari umræðu.

3. Fjármál

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu fjármála MN. Flestir liðir á áætlun og reksturinn í jafnvægi.

Framkvæmdastjóri greindi frá því að unnið væri að því að fá ríkið til að fjármagna til framtíðar, bæði flugverkefnið, og líka starf áfangastaðastofanna. Einnig að koma inn verðbreytingarfærslu á framlögin frá ríkinu.

Umræður um að breyta ætti fyrirkomulagi við fjármögnun Flugklasans og hækka í staðinn framlagið í MN - því þetta verkefni gagnast öllum. Einnig umræður um nauðsynlega aðkomu ríkisins að verkefninu enda skilar það sér fyrir þjóðarbúið að opna fleiri gáttir inn til landsins.

Framkvæmdastjóri greindi frá breytingum á starfsmannahópi MN nú í haust.

4. Önnur mál

Viðurkenningar á uppskeruhátíð í október. Framkvæmdastjóri mun senda stjórn fljótlega hugmyndir frá starfsmönnum til að taka afstöðu til.

Búið er að tilnefna varamenn í stjórn frá landshlutasamtökunum. Hrund Pétursdóttir er varamaður SSNV og Gerður Sigtryggsdóttir er varamaður SSNE.

Framkvæmdastjóri greindi frá því að orðið hefði mikið vatnsthjón á skrifstofu MN um síðustu helgi. MN var nýflutt inn aftur á skrifstofuna, en endurbætur hafa staðið yfir á henni síðan í janúar. Vonir standa til að hægt verði að drífa lagfæringar af á næstu vikum, en ekkert er staðfest í þeim eftir.

Stjórn hrósaði starfsólki MN fyrir vel unnin störf.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 15:00

Fundarritari HPþ